



Vinnueftirlit ríkisins

Aðalskrifstofa

Bildshöfða 16, 112 Reykjavík

sími 567 2500, símsvari 567 2505, póstfax 567 4086

Umdæmmisskrifstofur:

Vesturland

Garðabraut 2, 300 Akranes, sími 431 2670, fax 431 2025

Vestfirðir

Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
sími 456 4464, fax 456 4358

Norðurland vestra

Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur
sími 453 5015, fax 453 6215

Norðurland-eystra

Hafnarstræti 95, 600 Akureyri
sími 462 5868, fax 461 1080

Austurland

Bláskógum 3, 700 Egilsstaðir
sími 471 1636, fax 471 2017

Suðurland

Reykjamörk 1, 810 Hveragerði
sími 483 4660, fax 483 4849

Suðurnes

Grófinni 17a, 230 Keflavík
sími 421 1002, fax 421 4972

Færanlegar vinnulyftur





Leiðbeiningar um
örugga notkun



Fræðslu- og
leiðbeiningarit

VINNUFTIRLITS
RÍKISINS
NR. 12





Færanlegar vinnulyftur

Leiðbeiningar um örugga notkun

Mikilvægt er að lesa bæklinginn og gæta alltaf að mikilvægustu atriðunum áður en byrjað er að vinna á lyftunni

Pennan bækling á að geyma í lyftunni

Texti: Henrikki Karppinen.

Skrýningarmyndir: Timo Maatta.

Þýðing og staðfæring unnin á vegum Vinnueftirlits ríkisins.

© Vinnueftirlit ríkisins, 1994.

EFNISYFIRLIT

1	Almennt	5
2	Val á vinnulyftu	6
3	Orðaforði um vinnulyftur	7
4	Ekki má nota lyftuna nema □□□	8
5	Flutningur lyftunnar	10
6	Stjórnandi lyftunnar	10
7	Undirbúningur á vinnustað	12
8	Uppsetning lyftunnar á vinnustað	14
9	Áður en vinna á lyftu hefst	16
10	Lyftan notuð á öruggan hátt	18
11	Vinna á pallinum	20
12	Að ganga frá lyftunni	22
	Daglegur gátlisti	25

1 Almennt

Æ algengara verður að nota vinnulyftu í stað vinnupalla. Lyftustjórinn hefur ekki alltaf fengið þjálfun og hefur ekki sérfræðikunnáttu eða þekkingu á tækni-hliðum búnaðarins og oft er lyftan af nýri gerð sem lyftustjórinn er óvanur.

Til eru nokkrar gerðir af vinnulyftum. Þessar leiðbeiningar fjalla um nokkur algeng vandamál varðandi notkun þeirra og öryggisatriði í því sambandi. Þessar leiðbeiningar eru hugsaðar sem viðauki við leiðarvísinn sem fylgir lyftunni.

Öryggisins vegna er áriðandi að kynna sér leiðbeiningarnar áður en byrjað er að nota lyftuna og ávallt skal gæta að mikilvægustu atriðunum áður en vinna hefst.

Ef leiðbeiningar eru hunsáðar getur skapast hætta fyrir fólk á lyftunni eða nálægt henni.

Það er alltaf góð regla í vinnunni að vera frekar aðeins varkárari en að treysta um of tækjunum.

Nokkur dæmi um mistök notenda eða vanrækslu sem hafa leitt til alvarlegra slysa:

- stuðningsfótur sökk í jarðveginn
- stuðningsfætur voru ekki dregnir út í fulla lengd
- ekki var hægt að draga skemmdan stuðningsfót í rétta stöðu
- stuðningsfætur ekki festir í útdreginni stöðu
- stuðningsfætur voru ekki notaðir
- lyftunni var ekki rétt stillt upp og því skökk frá upphafi
- stjórntæki biluð
- vinnupallur ofhlaðinn á meðan lyft var
- klifur á handriði

2 Val á vinnulyftu

Leggja þarf niður fyrir sér, e.t.v. með aðstoð sérfraeðings í lyftum, hverskonar lyfta hentar best við verkið sem um ræðir. Meðal annars ráða eftifarandi þættir einhverju um valið á lyftu:

- tímалengd og tilgangur verksins
- hve mikil þarf lyftan að bera (fjöldi manna og efni)
- mesta vinnuhæð
- seilingarmörk
- notkun innandyra eða utanhúss
- aflgjafi (rafmagn, rafhlöður, brunahreyfill)
- sléttleiki og burðargeta undirlags
- aðkomuleiðir að vinnusvæðinu (dyraop o.fl.)
- þörf á að færa lyftuna til á staðnum
- magn og umfang þeirra hluta sem á að lyfta á vinnupallinum
- þörf á að nota rafmagnsverkfæri

Varast skal að velja of litla lyftu.


Ef lyftan er einungis ætluð til nota innandyra má ekki undir neinum kringumstæðum nota hana utanhúss.

Huga þarf að því hvort nauðsynlegt er að stjórnandi lyftunnar þurfi réttindi til að stjórna henni.

3 Orðaforði um vinnulyftur


DK

DK ARMLYFTUR KÖRFUBÍLL




Liðbóma.

SJÁLFKEYRANDI KÖRFULYFTA




Skotbóma

DREGIN KÖRFULYFTA



Lið- og skotbóma

FÆRANLEG KÖRFULYFTA




Liðbóma.


VL

VL LYFTIVERK- PALLAR

SJÁLFKEYRANDI SKÆRALYFTA.



MASTURSLYFTA



Fast mastur




Skotmastur

4 Ekki má nota lyftuna nema...


- öryggisleiðbeiningarnar og leiðarvísir um stjórnun lyftunnar hafi verið lesin gaumgæfilega
- á skráningarmerki lyftunnar sé miði sem sýnir að skoðun sé í gildi
- neyðarstöðvunarrofi sé í lagi
- stjórntæki séu í lagi
- stuðningsfætur séu í lagi
- hægt sé að loka hliði á vinnupalli
- allir hlutar tækisins séu óskemmdir
- hvergi sé olíuleki
- lyftubúnaður vinnupallsins sé í lagi
- hvergi séu aðrar skemmdir sem geti ógnað öryggi

Bilanir þarf að tilkynna og ekki má nota lyftuna fyrr en búið er að gera við bilanir eða laga skemmdir.


Ónothæft



Það þarf að gæta að skemmdirum á örnum og liðum



Það þarf að laga olíuleka




5 Flutningur lyftunnar

- Taka skal lyftuna niður og undirbúa hana fyrir flutning samkvæmt leiðbeiningum.
- Er vinnupallurinn í réttri stöðu fyrir flutning?
- Eru stuðningsfætur læstir í réttri stöðu fyrir flutning?
- Taka rafkapalinn úr sambandi.
- Athuga ástand hjólbardar og loftþrýsting í þeim.
- Athuga ástand hemla.
- Gæta að felguboltum.
- Gæta að ástandi dráttarbeislis.
- Gæta að læsingu á stuðningshjóli að framan.
- Gæta að því að ljós og glitmerki séu hrein og óbrotin.
- Virða hámarkshraða við flutning.

6 Stjórnandi lyftunnar

- Stjórnandi lyftunnar skal vera orðin 17 ára og vera hæfur til starfsins með tilliti til heilsufars og hafa næga sjón og heyrn til að geta sinnt starfinu á fullnægjandi hátt.
- Stjórnandi á að kynna sér rækilega leiðbeiningar um stjórnun lyftunnar.
- Stjórnandi á að virða öryggisforskriftir í hvívetna.
- Stjórnandi á að hafa vinnuvélaréttindi séu bökstafirnir DK á skráningarmerki Vinnueftirlitsins.

**Læsing
stuðningsfóta**




**Ástand hjólbardar og
festinga hjóla**

**Ástand
dráttarbeislis**

7 Undirbúningur á vinnustað

- Undirbúa verkið með góðum fyrirvara.
- Tryggja að gott sé að komast að staðnum þar sem á að nota lyftuna (akstursleið o.fl.).
- Ákveða hvernig best sé að koma lyftunni fyrir miðað við vinnustaðinn.
- Fullvissa sig um að undirlagið á staðnum beri fulla þyngd lyftunnar.
- Athuga skal hvort loftlinur eru nærrí.
- Tryggja að ekki myndist hætta á árekstrum við önnur tæki eða mannvirki á vinnustaðnum.
- Girða vinnusvæðið af, t.d. með girðingum, veifuböndum og í myrkri með blikkljósum.
- Þegar unnið er á fjölfarinni götu er nauðsynlegt að hafa samband við lögreglu og gera viðeigandi öryggisráðstafanir.
- Sjá um fullnægjandi lýsingu á vinnustaðnum.




Girða vinnusvæði af

8 Uppsetning lyftunnar á vinnustaðnum


Ekkert verk er svo ómerkilegt að ekki sé nauðsynlegt að skorða lyftuna.

- Forðast skal hallandi undirlag eftir því sem hægt er.
- Taka skal tillit til skurða eða dælda í yfirborðinu.
- Vera á varðbergi gagnvart holrými af völdum vatns undir malbiki.
- Taka mið af því að heitt malbik ber minni þunga.
- Auka grip stoðfótanna ef yfirborð er sleipt.
- Nota alltaf viðbótarplötur undir stuðningsfætur lyftunnar til öryggis.
- Draga alltaf stuðningsfætur út í fulla lengd.
- Stilla lyftuna af svo að hún verði lárétt (Gæta að stöðu lyftunnar á hallamælinum á henni).
- Ef lyftan er kyr्र á sama stað í margu daga þarf að athuga undirstöðu a.m.k. einu sinni á dag. (Ef breytingar verða á löðrétttri stöðu á strax að hætta vinnu).


Nota alltaf viðbótarplötur undir stuðningsfætur lyftunnar



Stilla lyftuna af




Taka tillit til skurða eða dælda




Draga stuðningsfætur alveg út og lyfta hjólum frá jörðinni

9 Áður en vinna á lyftu hefst

- Fullvissa sig um við hvaða lágmarkshitastig og við hvaða vindhraða megi nota lyftuna.
- Ganga úr skugga um að öryggisbúnaðurinn sé í lagi samkvæmt leiðbeiningunum.
- Engan öryggisbúnað má taka úr sambandi.
- Tryggja að vitað sé hvernig beita skuli neyðarslökunarbúnaði vinnupallsins.
- Tryggja að neyðarslökunarbúnaðurinn vinni eins og til er ætlast.
- Prófa neyðarstöðvunarrofann.
- Prófa flautuna.
- Prófa alla hreyfanlega hluti að færslumörkum.
- Helst ætti að framkvæma allar prófanir frá lægra stjórnborðinu.
- Fjarlægja alltaf ónauðsynlegan búnað af vinnu pallinum.



**Prófa alla hreyfanlega hluti,
öryggisbúnað og
neyðarslökunarbúnað**




**Athuga
veðurskilyrði
þegar unnið er**


Hreinsa til á vinnupallinum

10 Lyftan notuð á öruggan hátt


- Á morki fyrir hleðslu má finna hámarkshleðslubýngd (gefinn er upp fjöldi manna og hámarkshleðslubýngd).
- Fjarlægja allan snjó, klaka eða óhreinindi sem tefla öryggi við notkun í tvísýnu.
- Koma nauðsynlegum verkfærum fyrir á pallinum innan handriðs.
- Ekki hlaða meira á pallinn en hámarkshleðsla segir til um.
- Forðast að ofgera lyftunni.
- Ekki nota lyftuna í miklum vindi.
- Hreyfa lyftuna rólega og yfirvegað.
- Hafa í huga árekstrarhættu.
- Fylgjast að staðaldri með því sem er að gerast í næsta nágrenni.
- Snöggir kippir geta velt lyftunni.
- Ekki má færa lyftuna úr stað meðan starfsmaður er á pallinum nema hún sé sérstaklega gerð til þess.
- Ekki má nota lyftuna sem staðbundna fólks- og vörulyftu.



Fjarlægja snjó eða óhreinindi af vinnupallinum



Forðast snöggar hreyfingar





Kanna vindhraða


11 Vinna á pallinum

- Nota öryggishjálm.
- Huga að notkun öryggisbelta.
- Halda sig innan handriðs pallsins.
- Ekki valda hliðarátaki á lyftuna. (Vara sig á frákasti sem verður af völdum vatnsþrýstings eða sandblásturs).
- Ekki taka aukahlutí á pallinn eftir að honum hefur verið lyft í vinnuhæð nema full vissa ríki um þyngd beirra. (Það er mjög auðvelt að fara yfir uppgefin þyngdarmörk af gáleysi, t.d. uppgefin hleðsla 240 kg., þ.e. 2 einstaklingar og 40 kg til viðbótar).
- Forðast að teygja sig út fyrir pallinn.
- Ekki rugga lyftunni.
- Ekki klifra upp á handrið.
- Ekki reyna að ná ofar með því að nota bráðabirgðahækkanir.
- Ekki kasta hlutum frá vinnupallinum.
- Gæta að því að svæðið undir pallinum sé autt áður en hann er láttinn síga niður.

Fylgjast með
þunganum á
pallinum




Ekki teygja sig út
fyrir pallinn




Ekki valda
þverlægu átaki

12 Að ganga frá lyftunni


- Slaka lyftunni í geymslustöðu.
- Slökkva á aflgjafanum.
- Hindra óviðkomandi í að nota lyftuna með því að fjarlægja kveikjulykilinn eða loka stjórnborðinu.
- Hlífa stjórntækjum og vinnupalli við óhreinindum.
- Læsa hemlum.
- Fullvissa sig um að lyftan trufli ekki umferð.
- Tilkynna bilanir, skemmdir eða vandamál við notkun.



Lækka vinnupallinn í skorður



Hlífa vinnupallinum



Fjarlægja
kveikjulykilinn

Til minnis

Daglegur gátlisti fyrir vinnulyftur

Í lagi í ólagi		athugasemdir
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	jarðvegur
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	stuðningsfætur
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	lóðrétt staða
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	neyðarrofi
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	neyðarslökun
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	flauta
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	ljós
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	stjórntæki
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	merkingar og merki
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	aðkomuleið
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	vinnupallur
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	stöðugleikabúnaður
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	færslumarkarofar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	olíuleki
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	hemlar
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	vinnusvæði

Vinnueftirlit ríkisins

Sími 567 2500
Pósthólf 12220 - 132 Reykjavík

Vinnuslys skal tilkynna

Alvarleg vinnuslys skal tilkynna strax til Vinnueftirlits félagsins og lögreglustjóra. Ónnur vinnuslys skal tilkynna á bar til gerðum eyðublöðum. (Slys sem valda fjarist a.m.k. einn dag auk dagsins sem það varð.)

Tilkynningaskyldan hvíllir lögum samkvæmt á atvinnurekanda eða fulltrúa hans. En allir ættu að leggja sitt til að upplýsingar séu veittar um vinnuslys til réttira aðila. Þær eru m.a. notaðar í fyrribyggiðni tilgangi. Upplýsingar auðvelda varnaraðgerðir.

Tilkynningar um vinnuslys skal senda næstu umdæmnesskrifstofu Vinnueftirlitsins.